

6. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 19. maí 2010 kl. 8:25.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

1. Styrkur úr endurmenntunarsjóði.

Lækjarskóli fékk úthlutað endurmenntunarsjóði fyrir skólaárið 2010-2011 vegna innleiðingar opins hugbúnaðar og samvinnunáms.

Haraldur las erindi varðandi Fjölmenningarlega kennsluhætti/samvinnunám sem er þróunarverkefni í Lækjarskóla á vegum Guðrúnar Pétursdóttur og allir starfsmenn hafa tekið þátt í.

Linux hugbúnaður (gjaldfrír hugbúnaður) var tekinn í notkun í Lækjarskóla á síðasta ári en það er þróunarverkefni.

2. Árangur nemenda á ýmsum vettvangi.

Nemendur Lækjarskóla voru í 4. sæti í Skólahreysti.

Nemendur Lækjarskóla voru í 1. sæti í handboltamóti grunnskólanna í Hafnarfirði. Kór Lækjarskóla fór á norrænt kóramót í Malmö í Svíðþjóð dagana 12. – 15. maí s.l.

Fjölgreinadeild vakti athygli í Danmörku. Deildin hefur fengið styrk til heimsóknar og samvinnu við Christianskolen í Danmörku.

Þetta skólaár var boðið uppá nýtt valfag fyrir 10. bekk, dönskuáfangi, sem Margrét Þórisdóttir dönskukennari kennir og hefur hópurinn farið víða m.a. í Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið o.fl.

Birna Stefánsdóttir nemandi í Lækjarskóla vann Smásagnasamkeppni í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Fjölgreindardagar Lækjarskóla voru haldnir í þemaviku.

3. Vorannir og skólaslit.

Lækjarskóli er tveggja hliðstæðu (tveggja bekkja) skóli.

Unnið er að nýju námsmati. Tekið verður upp meira símat en verið hefur.

Skógrækt. Nemendur 6. bekkja fara í skógrækt í vor.

Skólaslit hjá 10. bekk verða kl. 16:00 föstudaginn 4. júní.

Skólaslit hjá öðrum bekkjum verða kl. 10:00 föstudaginn 4. júní.

Nýbreytni. Lækjarskóli verður þinghús í bæjarstjórnarkosningum í vor. Þar verða 7. kjördeildir en kosið verður 29. maí n.k. Skólinn verður lokaður fyrir starfsemi 28. maí eftir að stundaskrá líkur og til sunnudagsmorguns vegna þess.

Í sumar verða leikjanámskeið sem verið hafa í “Gamla Lækjarskóla” færð til Lækjarskóla og verður íþróttahúsið væntanlega nýtt fyrir þá starfsemi.

Lækjarskóli er með vottuð leiktæki á skólalóðinni.

4. Staða vegna hagræðingar.

Lækjarskóli er búinn að vera í hagræðingarferli s.l. þrjú ár og er enn verið að hagræða.

Úthlutað hefur verið tímamagni vegna sérkennslu. Lækjarskóli mun sækja um fleiri tíma vegna skerðingar.

5. **Nýr aðstoðarskólastjóri.**

Arna Björny Arnarsdóttir verður ráðin aðstoðarskólastjóri Lækjarskóla. Hún kemur úr Engidalsskóla þar sem hún hefur verið aðstoðarskólastjóri. Haraldur Haraldsson, skólastjóri mælti með henni.

6. **Næsta skólaár.**

Skólastjóri mun kynna okkur breytingu á stjórn skólans á næsta fundi.

7. **Önnur mál.**

Ósk kom fram um fastann fundartíma næsta ár.

Fyrirspurn kom fram um stöðu matræðs starfsmanna og matreiðslumeistara nemendaeldhúss? Einnig hvort nýta megi aðra stöðuna í sérkennslu þar sem þar kveppir að.

Það vantar forvarnafræðslu varðandi munntóbak. Geir Bjarnason tekur jákvætt í að koma með þá fræðslu í skólann.

Fulltrúi foreldra sagði að vorhátíð Lækjarskóla hefði farið vel fram.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:20.

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri.

Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags.

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

Hrönn Arnarsdóttir, fulltrúi kennara.

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Geir Bjarnason, varafulltrúi grenndarsamfélags

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir